

## GJALDSKRÁ

**fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðarkaupstaðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hestúshverfi:

Taðþróargjald*	pr. stú	<i>Árgjald kr.</i> 12.295
----------------	---------	------------------------------

\* Taðþróargjald á hverja stú samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 1335/2016 úr gildi.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 31. október 2017 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 6. desember 2017.

*Hafnarfirði, 6. desember 2017.*

**Haraldur Líndal Haraldsson** bæjarstjóri.